

Fornleifaskráning vegna fyrirhugaðrar gaslagnar á milli Svartsengis og Reykjanes- virkjunar



Atli Rúnarsson

NV nr. 16-23

Júní 2023

		Dagsetning: Maí 2023
		Dreifing: ☐ Opin ☐ Lokuð til: ☐ Háð leyfi verkkaupa
Skýrsla nr: 16-23	Verknúmer:	
Heiti skýrslu: Fornleifaskráning vegna fyrirhugaðrar gaslagnar á milli Svartsengi og Reykjanesvirkjunar		Blaðsíður:
		Upplag:
Höfundur: Atli Rúnarsson		Fjöldi korta:
		Gerð skýrslu/verkstig:
Verkefnisstjóri: Margrét H. Hallmundsdóttir		Unnið fyrir: Verkís
Útdráttur Fornleifaskráning vegna fyrirhugaðrar gaslagnar á milli Svartsengis og Reykjanesvirkjunar.		
Lykilorð íslensk: Veitulagnir, Fornleifaskráning, Reykjanes, Svartsengi.		Lykilorð ensk: Pipelines, Archaeological Survey, Reykjanes, Svartsengi
Undirskrift verkefnastjóra: Margrét Hallmundsdóttir		Yfirfarið af:

EFNISYFIRLIT

1. INNGANGUR.....	1
2. SKRÁNINGARSVÆÐIÐ.....	1
3. AÐFERÐAFRÆÐI.....	1
3.1 TILGANGUR FORNLEIFASKRÁNINGAR.....	1
3.2 SKRÁNING FORNLEIFA	3
4. SAGA.....	4
4.1 JÁRNGERÐARSTAÐIR.....	4
4.2 HÚSATÓFTIR	5
4.3 STAÐUR.....	6
5. HEIMILDASKRÁ.....	9
6. FORNLEIFASKRÁ.....	10
7. NIÐURSTÖÐUR	14
8. KORT.....	15

1. INNGANGUR

Að beiðni Arnórs Þóris Sigfússonar hjá Verkís gerði fornleifadeild Náttúrustofu Vestfjarða í fornleifaskráningu vegna fyrirhugaðrar gaslagnar á milli Svartsengis og Reykjanesvirkjunar sem og á deiliskipulagsreitum við Reykjanesvirkjun.

Skráningarsvæðið var um 20km langt og var lögnin skipulögð á þegar röskuðu svæði. Skráð var 15m í hvora átt frá miðlínu lagnarinnar.



Mynd 1. Skráningarsvæðið á korti frá Verkís.

2. SKRÁNINGARSVÆÐIÐ

Skráningarsvæðið hófst í Svartsengi og lá þaðan í vestur í gegnum Skipsstígshraun og svo suðvestur að Eldvörpum og endaði við Reykjanesvirkjun. Svæðið er allt í hrauni en þar liggja nokkrar gamlar alfaraleiðir og vörður sem varða þær.

Nokkrar fornleifaskráningar höfðu áður farið fram á svæðinu.¹

3. AÐFERÐAFRÆÐI

3.1 TILGANGUR FORNLEIFASKRÁNINGAR

Allir skráðir minjastaðir voru skráðir og voru teknir staðsetningarpunktar á hverjum stað með Trimble Juno 5 uppmælitæki. Minjastöðunum var lýst og ljósmyndir teknar af hverjum stað.

Í lögum um menningarminjar nr. 80 29. júní 2012 segir að lögin eigi að tryggja eftir föngum verndun menningarsögulegra minja í eigin umhverfi og að íslenskum menningararfi verði

¹ Sjá: Agnes Stefánsdóttir, 2008 (tvær skýrslur), Elín Ósk Hreiðarsdóttir, 2002, Gylfi Helgason & Lilja Laufey Davíðsdóttir, 2021, Margrét Valmundsdóttir et al. 2022, Ómar Smári Ármannsson & Ragnheiður Traustadóttir, 2013

skilað óspilltum til komandi kynslóða. Eins eiga lögin að auðvelda aðgang að minjunum, kynna þær þjóðinni og greiða fyrir rannsóknum. Þá er fornleifaskráning bundin skipulagsgerð skv. lögnum, en í 16. gr. segir:

Skýlt er að fornleifaskráning fari fram áður en gengið er frá svæðisskipulagi, aðalskipulagi eða deiliskipulagi eða endurskoðun þess og skal sá sem ber ábyrgð á skipulagsgerð í samræmi við skipulagslög standa straum af kostnaði við skráninguna.

Í 3. grein laganna eru fornleifar skilgreindar sem:

Fornleifar teljast hvers kyns mannvistarleifar, á landi, í jörðu, í jökli, sjó eða vatni, sem menn hafa gert eða mannaverk eru á og eru 100 ára og eldri, svo sem:

búsetulandslag, skráðgarðar og kirkjugarðar, byggðaleifar, bæjarstæði og bæjarleifar ásamt tilheyrandi leifum mannvirkja og öskuhauga, húsaleifar hvers kyns, svo sem leifar kirkna, bænhúsa, klaustra, þingstaða og búða, leifar af verbúðum, naustum og verslunarstöðum og byggðaleifar í hellum og skútum, vinnustaðir þar sem aflað var fanga, svo sem leifar af seljum, verstöðvum, bólum, mógröfum, kolagröfum og rauðablæstri, tún- og akurgerði, leifar rétta, áveitumannvirki og aðrar ræktunarminjar, svo og leifar eftir veiðar til sjávar og sveita, vegir og götur, leifar af stíflum, leifar af brúm og öðrum samgöngumannvirkjum, vöð, varir, leifar hafnarmannvirkja og bátalægi, slippir, ferjustaðir, kláfar, vörður og önnur vega- og siglingamerki ásamt kennileitum þeirra, virki og skansar og leifar af öðrum varnarmannvirkjum, þingstaðir, meintir hörgar, hof og vé, brunnar, uppsprettur, álagablettir og aðrir staðir og kennileiti sem tengjast siðum, venjum, þjóðtrú eða þjóðsagnahefð, áletranir, myndir eða önnur verksummerki af manna völdum í hellum eða skútum, á klettum, klöppum eða jarðföstum steinum og minningarmörk í kirkjugörðum, haugar, dysjar og aðrir greftrunarstaðir úr heiðnum eða kristnum sið, skipsflök eða hlutar þeirra.

Fornminjar njóta friðunar nema annað sé ákveðið af Minjastofnun Íslands.

Í 21. grein laga um menningarminjar segir:

fornleifum, sbr. 3. mgr. 3. gr., jafnt þeim sem eru friðlýstar sem þjóðminjar og þeim sem njóta friðunar í krafti aldurs, má enginn, hvorki landeigandi, ábúandi, framkvæmdaraðili né nokkur annar, spilla, granda eða breyta, hylja, laga, aflaga eða flytja úr stað nema með leyfi Minjastofnunar Íslands.

Þetta á við um allar fornleifar, óháð sérstakri friðlýsingu. Friðhelgi fornleifa er ekki háð því að þær séu þekktar eða hafi verið skráðar. Sú skylda hvílir á sveitarfélögum eða framkvæmdaaðilum að gera Minjavernd ríkisins viðvart ef fyrirsjáanlegt er að minjar spillist vegna hvers konar framkvæmda eða breyttrar landnotkunar (sjá 12.gr.).

Ef fornminjar sem áður voru ókunnar finnast við framkvæmd verks skal sá sem fyrir því stendur stöðva framkvæmd án tafar. Skal Minjastofnun Íslands láta framkvæma vettvangskonunn umsvifalaust svo skera megí úr um eðli og umfang fundarins. Stofnuninni er skylt að ákveða svo fljótt sem auðið er hvort verki megí fram halda og með hvaða skilmálum. Óheimilt er að halda framkvæmdum áfram nema með skriflegu leyfi Minjastofnunar Íslands (24 gr.).

Eitt af markmiðum fornleifaskráningar er að koma í veg fyrir að minjar verði fyrir skemmdum af gáleysi eða nauðsynjalausu. Fornleifaskráning nýtist við minjavörslu þegar ákveða á verndun á einstökum minjastöðum. Eins kemur hún að miklum notum vegna fyrirhugaðra framkvæmda. Þá er hægt að taka tillit til minjanna við skipulagsgerð og nýta þær í rannsókna eða kynningarskyni. Með fornleifaskráningu má einnig stórlega minnka líkur á að fornleifar komi óvænt í ljós við framkvæmdir sem gæti leitt til tafa á viðkomandi verki.

3.2 SKRÁNING FORNLEIFA

Verkefnanúmeri er úthlutað af Minjastofnun Íslands og svæðið hefur verið merkt inn á vefsíða Minjastofnunar og skýrsla skráð þar sem og minjar sem mældar voru upp. Verkefnið fékk númerið 3011 og þar á eftir eru hlaupandanúmer rannsóknarinnar, dæmi: 3011-001.

4. SAGA

Skráningasvæðið er innan jarða Járngerðarstaða, Húsatófta og Staða.

4.1 JÁRNGERÐARSTAÐIR

Elstu heimild um Járngerðarstaði er að finna í Rekaskrá Skálholtsstaðar frá því um 1270. Þar var sagt að ef hvalur kom á land milli Valagnúpa og Rangagjögurs í Grindavík skyldi skipta honum í fjóra fjórðunga. Einn fjórðungurinn átti að fara til Þórkötlustaða, hinn til Staðarstaðs, hinn þriðja til Járngerðarstaða, og áttu Húsatóftir að fá fimmtung úr Járngerðarstaðahlut, og síðasti fjórðungurinn átti að fara til Hrauns og Hofa.²

Næst var minnst á Járngerðarstaði í gjörð Árna biskups Þorlákssonar um reka klaustursins í Viðey árið 1284³ og svo í Vilchinsbók, sem voru máldagar Vilchins biskups fyrir kirkjum í Skálholtsumdæmi, en þar sagði í Staðarkirkju máldaga að Staðarkirkja ætti mörk vaðmála af Járngerðarstöðum og að ef hvalreki yrði á Staðarkirkjulandi, meiri en fjórar vættir, ættu Grindavík og Járngerðarstaðir að fá einn helminginn og Húsatóftir hinn.⁴ Einnig var minnst á Járngerðarstaði í máldaga Staðarkirkju árið 1477⁵ og 1491-1518.⁶ 1492 var gert á Járngerðarstöðum transskriptabréf sem varðaði ættleiðslubréf Stepháns Loftssonar, Staðarhólsdóm um ættleiðinguna og Leiðarhólmsúrskurður um sama efni.⁷ Næst var minnst á Járngerðarstaði í skrá um landamerki milli Voga og Grindavíkur í kringum árið 1500.⁸ Svo var minnst á Járngerðarstaði í máldaga Staðarkirkju frá 1553-54⁹, í bréfi Gísla biskups Jónssonar um byggingu stóljarða í Grindavík frá 1563¹⁰ og í Gíslamáldaga frá 1575.¹¹

Í jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns sem gerð var fyrir svæðið árið 1703 var sagt að jarðardýrleiki Járngerðarstaða væri óviss þar sem jörðin tíundaðist engum og að jörðin var í eigu dómkirkjunnar í Skálholti. Landskuldin voru fimm hundruðir og var greidd með fiski þegar hann var til eða með landaurum upp á fiska reikning og afhentist heima á jörðinni.

² Diplomatarium Islandicum - Íslenzkt fornbréfasafn 2. bindi, 1947-1950, bls. 75-76

³ Diplomatarium Islandicum - Íslenzkt fornbréfasafn 2. bindi, 1947-1950, bls. 244-245

⁴ Diplomatarium Islandicum - Íslenzkt fornbréfasafn 4. bindi, 1947-1950, bls. 101-102

⁵ Diplomatarium Islandicum - Íslenzkt fornbréfasafn 6. bindi, 1947-1950, bls. 125

⁶ Diplomatarium Islandicum - Íslenzkt fornbréfasafn 7. bindi, 1947-1950, bls. 49

⁷ Diplomatarium Islandicum - Íslenzkt fornbréfasafn 7. bindi, 1947-1950, bls. 126-127

⁸ Diplomatarium Islandicum - Íslenzkt fornbréfasafn 7. bindi, 1947-1950, bls. 458

⁹ Diplomatarium Islandicum - Íslenzkt fornbréfasafn 12. bindi, 1947-1950, bls. 663

¹⁰ Diplomatarium Islandicum - Íslenzkt fornbréfasafn 14. bindi, 1947-1950, bls. 200-201

¹¹ Diplomatarium Islandicum - Íslenzkt fornbréfasafn 15. bindi, 1947-1950, bls. 641

Ábúandinn hafði við til húsbóta af reka en ef rekinn brást keypti ábúandinn við. Leigukúgildin voru sex og greiddust þær í fiski ásamt landskuld heima. Engar kvaðir voru á jörðinni og var kvikfénaðurinn átta kýr, einn graðungur tvívetra, einn kálfur, ellefu ær, sex geldir tvívetra sauðir, tuttugu og fjórir veturgamlir, tuttugu og átta lömb, einn hestur, fimm hross og eitt af þeim með fyl. Jörðin hafði skóg til kolagerðar í almenninngi og notaði fjöruþang til eldiviðar. Fjörugrastekja og sölvaðfjara var jarðarinnar til þarfa og var rekavon í betra lagi. Heimræði var allt árið um kring og lending í betra lagi, þar gengu skip heimabóndans og þau inntökuskip sem þarna voru á vertíð. Jörðin hafði engar engjar og engin torfrista var nema í sendnum grundum. Fé var hætt komið í vatnsgjám og sjór braut nokkuð á land jarðarinnar. Á Járngerðarstöðum voru Kóngsgarðar og hafði þar gengið til forna eitt kóngsskip og gefið undirgift. Nokkur verbúðastæði voru á Járngerðarstöðum, þá forfallin. Hjáleigur Járgerðarstaða voru Vallarhús, Lambhús, Qvíhús, Hrafnshús, Akurhús, Giahús, Krosshús, Garðhús og Hlaðhús. Til forna höfðu verið fjórar búðir og tómthús á jörðinni.¹²

Í jarðatali Johnsen frá 1847 var sagt að Járngerðarstaðir voru í bændaeign, dýrleikinn var 125, landskuldin 5,20, kúgildin voru 6 og ábúendur voru 2 leigjendur.¹³

4.2 HÚSATÓFTIR

Elstu heimild um Húsatóftir er að finna í Rekaskrá Skálholtsstaðar frá því um 1270. Þar var sagt að ef hvalur kom á land milli Valagnúpa og Rangagjögurs í Grindavík skyldi skipta honum í fjóra fjórðunga. Einn fjórðungurinn átti að fara til Þórkötlustaða, hinn til Staðarstaðs, hinn þriðja til Járngerðarstaða, og áttu Húsatóftir að fá fimmtung úr Járngerðarstaðahlut, og síðasti fjórðungurinn átti að fara til Hrauns og Hofs.¹⁴

Næst var minnst á Húsatóftir í gjörð Árna biskups Þorlákssonar um reka klaustursins í Viðey árið 1284,¹⁵ í máldaga Viðeyjarklausturs frá sama ári,¹⁶ og í skrá leigumála á jörðum Viðeyjarklausturs frá 1313.¹⁷ Árið 1395 var minnst á jörðina í skrá um kvikfé á jörðum

¹² Árni Magnússon & Páll Vídalín, 1923-1924, bls. 15-20

¹³ J. Johnsen, 1847, bls. 84

¹⁴ Diplomatarium Islandicum - Íslenzkt fornbréfasafn 2. bindi, 1947-1950, bls. 75-76

¹⁵ Diplomatarium Islandicum - Íslenzkt fornbréfasafn 2. bindi, 1947-1950, bls. 244-245

¹⁶ Diplomatarium Islandicum - Íslenzkt fornbréfasafn 2. bindi, 1947-1950, bls. 246-248

¹⁷ Diplomatarium Islandicum - Íslenzkt fornbréfasafn 2. bindi, 1947-1950, bls. 377

Viðeyjarklausturs.¹⁸ Minnst var á Húsatóftir í máldaga Staðarkirkju frá 1491-1518¹⁹ og í dómi um skógarhögg og reka í Grindavík frá 1519.²⁰ Einnig var minnst á Húsatóftir í fógetareikningum frá 1547-1548, 1549-1550 og 1552²¹ og í Gíslamáldaga frá því um 1570²²

Í jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns sem gerð var á svæðinu árið 1703 var sagt að jarðardýrleiki Húsatófta væri óviss þar sem jörðin tíundaðist engum en jörðin var í konungseign og lá til Viðeyjarklausturs. Landskuldin var i hundruðir og lxxx álnir sem greiddust í fiski í Grindavík en áður hafði hún verið greidd til Bessastaða. Kúgildin voru þrjú og leigur greiddust í smjöri til Bessastaða eða í fiski til Grindavíkur. Kvaðir á jörðinni voru mannlán á kóngsskipið sem gekk við Kónghús í Húsatófta vörum. Túnið var mjög svo spillt af sandi og engjar voru engar. Mest allt land jarðarinnar var sagt vera hraun og sandi undiropið. Jörðin átti selstöðu á Selsvöllum en þangað var bæði langt og erfitt að sækja. Jörðin hafði skóg til kolagerðar í almenningi en eldiviðartak var ekkert nema af þangi, erfitt, illt og eftirtekjulítið. Jörðin notaði sölvatekju þar sem hét Sölvabásar og í Háleyjum. Rekavon var nokkur og heimræði var gott allt árið og lendingin góð. Þar gengu skip ábúandans og eitt kóngsskip áttært, fylgdi því búð og vergögn sem ábúandinn viðhélt. Vatnsból var í allra lakasta máta illt og erfitt. Hjáleigur Húsatófta voru Kónghús og Garðhús.²³

Í jarðatali Johnsens frá 1847 var sagt að Húsatóftir væru í bændaeygn, dýrleikinn var 33 1/3, landskuldin 0,80, kúgildin 2 og ábúendur voru einn eigandi.²⁴

4.3 STAÐUR

Elstu heimild um Stað er að finna í skrá Páls biskups Jónssonar um kirkjurnar í Skálholtsbiskupsdæmi frá því um 1200.²⁵ Næst var minnst á Stað í rekaskrá Skálholtsstaðar frá því um 1270.²⁶ Næst var minnst á Stað í gjörð Árna biskupst Þorlákssonar um reka klaustursins í Viðey og í rekaskrá Viðeyjarklausturs frá því um 1284.²⁷ Í máldaga

¹⁸ Diplomatarium Islandicum - Íslenzkt fornbréfasafn 3. bindi, 1947-1950, bls. 597

¹⁹ Diplomatarium Islandicum - Íslenzkt fornbréfasafn 7. bindi, 1947-1950, bls. 49

²⁰ Diplomatarium Islandicum - Íslenzkt fornbréfasafn 8. bindi, 1947-1950, bls. 682-683

²¹ Diplomatarium Islandicum - Íslenzkt fornbréfasafn 12. bindi, 1947-1950, bls. 117, 143, 157, 177 & 404

²² Diplomatarium Islandicum - Íslenzkt fornbréfasafn 15. bindi, 1947-1950, bls. 640

²³ Árni Magnússon & Páll Vídalín, 1923-1924, bls. 20-22

²⁴ J. Johnsen, 1847, bls. 85

²⁵ Diplomatarium Islandicum - Íslenzkt fornbréfasafn 12. bindi, 1947-1950, bls. 9

²⁶ Diplomatarium Islandicum - Íslenzkt fornbréfasafn 2. bindi, 1947-1950, bls. 76

²⁷ Diplomatarium Islandicum - Íslenzkt fornbréfasafn 2. bindi, 1947-1950, bls. 244-245, 246 & 248

Staðarkirkju frá 1477 var sagt að kirkjan væri vígð með guði og sælli guðs móður maríu. Þar skyldi vera heimilisprestur sem ábyrgðist kirkjuna og allt kirkjufé. Þar var einnig farið yfir hvaða reka kirkjustaðurinn átti og hvaða kvikfénað hann átti. Kirkjustaðurinn átti að greiða sex hundruð skreiðar til Skálholts ár hvert og átti Skálholt helming af öllum hvalreka Staður fékk²⁸ og sömu sögu er að segja með máldaga Staðarkirkju frá 1491-1518.²⁹ Árið 1502 gaf Stefán biskup í Skálholti Þorvarði lögmanni Erlendssyni fullt umboð til þess að ríða á rekamörk og landamerki milli kirkjueigna Viðeyjarklausturs og Staðarstaðar í Grindavík.³⁰ Einnig var minnst á Stað í dómi um kærur vegna rangrar hvaltöku í Grindavík árið 1519³¹ og í dómi frá 1538 þar sem séra Magnús Jónsson hafði í burt án leyfis landskuld Skálholtsstaðar frá Stað.³² Næst var minnst á Stað í minnisgrein Gissurar biskups frá 1541 þar sem Gissur mun hafa lofað séra Birni Stað í Grindavík og gefið honum bréf þar út fyrir.³³ Annar máldagi fyrir Staðarkirkju var gerður árin 1553-1554³⁴, minnst var á Stað í máldaga Gísla biskups Jónssonar frá því um 1570³⁵ og í svokölluðum Gíslamáldaga frá því um 1570.³⁶

Í jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns sem var gerð á svæðinu árið 1703 var sagt að Staður væri kirkjustaður og prestssetur, jarðadýrleikinn var óviss því jörðin tíundaðist engum og jörðin var leigujörð dómkirkjunnar í Skálholti. Landskuldin var í hundraðir og lx álnir sem greiddust í fiski til ráðsmannsins heima á jörðinni. Við til húsbóta hafði presturinn af rekanum ef hann heppnaðist, annars keypti hann viðinn sjálfur. Kúgildin kirkjunnar voru fjögur í málnytju, höfðu áður verið ellefu. Engar kvaðir voru á jörðinni en túnið skemmdist af sandi, engjar voru engar og hagar heim við bæinn voru taldir afleitlega lakir. Staður átti einnig selstöðu á Selsvöllum en þangað var langt og erfitt að sækja. Skóg til kolagerðar átti staðurinn í almenningi. Torfrista var mjög sendin og varla nýtandi. Áður hafði verið selveiði en hafði lagst af þegar jarðabókin var skrifuð. Rekavon var góð og heimræði var allt árið um

²⁸ Diplomatarium Islandicum - Íslenzkt fornbréfasafn 6. bindi, 1947-1950, bls. 125-126

²⁹ Diplomatarium Islandicum - Íslenzkt fornbréfasafn 7. bindi, 1947-1950, bls. 48-49

³⁰ Diplomatarium Islandicum - Íslenzkt fornbréfasafn 7. bindi, 1947-1950, bls. 623-624

³¹ Diplomatarium Islandicum - Íslenzkt fornbréfasafn 8. bindi, 1947-1950, bls. 683

³² Diplomatarium Islandicum - Íslenzkt fornbréfasafn 10. bindi, 1947-1950, bls. 387-388

³³ Diplomatarium Islandicum - Íslenzkt fornbréfasafn 10. bindi, 1947-1950, bls. 691

³⁴ Diplomatarium Islandicum - Íslenzkt fornbréfasafn 12. bindi, 1947-1950, bls. 663

³⁵ Diplomatarium Islandicum - Íslenzkt fornbréfasafn 15. bindi, 1947-1950, bls. 546 & 551

³⁶ Diplomatarium Islandicum - Íslenzkt fornbréfasafn 15. bindi, 1947-1950, bls. 640

kring. Vatnsból voru ekki mannhættulaus nema fjöruvötn og var það til stórmeina. Hjáleigur Staðs voru Sláfarhús og Krókur.³⁷

Í jarðatali Johnsens frá 1847 var sagt að Staður væri í kirkjueign, dýrleikinn var 37 1/3, landskuldin var 1,60, kúgildin 4 og ábúandinn var prestur.³⁸

³⁷ Árni Magnússon & Páll Vídalín, 1923-1924, bls. 23-24

³⁸ J. Johnsen, 1847, bls. 85

5. HEIMILDASKRÁ

Agnes Stefánsdóttir. (2008). *Svartsengi - Eldvörp*. Reykjavík: Fornleifavernd ríkisins.

Agnes Stefánsdóttir. (2008). *Umhverfi Reykjanesvirkjunar - Fornleifaskráning*. Reykjavík: Fornleifavernd ríkisins.

Árni Magnússon & Páll Vídalín. (1923-1924). *Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns, Gullbringu- og Kjósarsýsla* (B. I). Kaupmannahöfn: S.L. Möller.

Diplomatarium Islandicum - Íslenzkt fornbréfasafn 1-16. bindi. (1947-1950). Reykjavík: Hið íslenska bókmenntafélag.

Elín Ósk Hreiðarsdóttir. (2002). *Fornleifaskráning í Grindavík. 1. áfangi*. Reykjavík: Fornleifastofnun Íslands SES.

Gylfi Helgason & Lilja Laufey Davíðsdóttir. (2021). *Deiliskráning fornleifa við Reykjanesvirkjun*. Reykjavík: Fornleifastofnun Íslands SES.

J. Johnsen. (1847). *Jarðatal á Íslandi með brauðlýsingum, fólkstölu í hreppum og prestaköllum, ágripi úr búnaðartöflum 1835-1845, og skýrslum um sölu þjóðjarða á landinu*. Kaupmannahöfn: S. Trier.

Margrét Valmundsdóttir, Oddgeir Isaksen, Ómar Valur Jónasson & Sólrún Inga Traustadóttir. (2022). *Eldsumbrot á Reykjanesskaga. Minjar í hættu og viðbrögð Minjastofnunar við náttúruvá - stöðuskýrsla*. Reykjavík: Minjastofnun Íslands.

Ómar Smári Ármannsson & Ragnheiður Traustadóttir. (2013). *Fornleifaskráning í Eldvörpum og milli Prestastígs og Skipsstígs*. Reykjavík: Antikva.

(án dags.). *Örnefnaskrá - Húsatóftir*. Reykjavík: Örnefnastofnun.

(án dags.). *Örnefnaskrá - Staður*. Reykjavík: Örnefnastofnun.

6. FORNLEIFASKRÁ

Númer: 1780-2261³⁹

Skrásetjari: Agnes Stefánsdóttir

Sérheiti: Skipastígur

Hlutverk: Gata

Tegund: Leið

Hnit ISN93: A 329261.0 , N 378713.4

Ástand: Greinanleg

Hættumat: Mikil hætta vegna framkvæmda

Staðhættir: Þjónustuvegurinn þverar Skipastíg í hrauninu um 2km SV við virkjun HS orku.

Minjalýsing: Hægt er að fylgja leiðinni frá fjarskiptastöðinni við Grindavík suðvestan við Þorbjörn og að námusvæði við Stapafell, þar hefur leiðin verið rofin vegna námuvinnslunar.

Junkarar eiga að hafa róíð til skiptis úr Grindavík og Höfnum og farið með skipin á milli eftir Skipastíg.⁴⁰ Leiðin hefur verið stikuð á síðari árum og er vinsæl gönguleið.



Mynd 2. Horft yfir Skipastíg þar sem vegurinn hefur þverað hann.

Númer: 1780-2260⁴¹

Skrásetjari: Agnes Stefánsdóttir

Sérheiti: Árnastígur

Hlutverk: Gata

Tegund: Leið


Hnit ISN93: A 326701.2 , N 378599.8

Ástand: Greinanleg

Hættumat: Mikil hætta vegna framkvæmda

Staðhættir: Í hrauninu um 2km vestan við Skipastíg. Þjónustuvegurinn hefur raskað Árnastíg á um 600m kafla.

Minjalýsing: Gamli vegurinn milli Grindavíkur og Keflavíkur, vegurinn liggur um Klifgjá sem er suðvestan við Þórðarfell norðan við Eldvörp. Fyrir suðaustan Klifgjá er vegurinn ruddur og greiðfær. Sá hluti heitir Árnastígur eftir Árna nokkrum sem bjó í Kvíadal og ruddi veginn. Leiðin hefur verið stikuð á síðari árum og er vinsæl gönguleið.



Mynd 3. Horft eftir Árnastíg þar sem þjónustuvegurinn hefur raskað honum.

³⁹ Agnes Stefánsdóttir, 2008, bls. 20-21

⁴⁰ Örnefnaskrá - Járngerðarstaðir

⁴¹ Agnes Stefánsdóttir, 2008, bls. 21-22

Númer: 1780-2259⁴²

Skrásetjari: Agnes Stefánsdóttir

Sérheiti: Prestastígur

Hlutverk: Gata

Tegund: Leið


Hnit ISN93: A 323408.1, N 377328.2

Ástand: Greinanleg

Hættumat: Mikil hætta vegna framkvæmda

Staðhættir: Í hrauninu um 2.7km SV við Árnastíg. Þjónustuvegurinn hefur raskað Prestastíg á um 1.3km kafla.

Minjalýsing: Varðaður vegur milli Hafna í Reykjanesbæ og Staðarhverfis í Grindavík. Vegurinn liggur um austanverðan Langhól, framhjá gígaröðinni í Stömpum. Sunnan við Sandfellshæð beygir gatan til austurs, milli hæðarinnar og yngri hrauna sem runnið hafa upp að henni. Gatan liggur síðan í austur með hrauninu, yfir gígaröðina í Eldvörpum suður af Sandfelli. Þá er komið á slétt helluhraun. Leiðin liggur síðan niður í Staðarhverfi hjá Húsatóftum. Leiðin hefur verið stikuð á síðari árum og er nafnið Prestastígur fengið m.a. af skilti við enda leiðarinnar Hafnarmegin. Prestastígur er hinsvegar nýlegt heiti á leiðinni.



Mynd 4. Horft eftir Prestastíg þar sem þjónustuvegurinn hefur raskað honum.

Númer: 3011-001

Hlutverk: Kennimark

Tegund: Varða

Hnit ISN93: A: 324049.42, N: 377169.81

Ástand: Heilleg

Hættumat: Hætta vegna framkvæmda

Staðhættir: Í hrauninu við Prestastíg. Um 4m sunnan við þjónustuveg.



Mynd 5. Horft að vörðu 3011-001.

Minjalýsing: Varða úr hraungrýti sem varðar Prestastíg. Varðan er um 1.3m há og mjókkar lítillega upp.

⁴² Agnes Stefánsdóttir, 2008, bls. 19-20

Númer: 3011-002

Hlutverk: Kennimark

Tegund: Varða

Hnit ISN93: A: 323955.00 , N: 377204.19

Ástand: Heilleg

Hættumat: Hætta vegna framkvæmda

Staðhættir: Á hraunhól ofan við þjónustuvegin. Um 100m vestan við vörðu 3011-001.

Minjalýsing: Varða úr hraungrýti, varðar Prestastíg. Varðan er um 1.6m há og er vegleg og heilleg. Mjókkar lítillega upp.



Mynd 6. Horft að vörðu 3011-002. Þjónustuvegurinn sést neðan við vörðuna.

Númer: 3011-003

Hlutverk: Kennimark

Tegund: Varða

Hnit ISN93: A: 323590.79 , N: 377292.03

Ástand: Vel greinanleg

Hættumat: Mikil hætta vegna framkvæmda

Staðhættir: Um 6m sunnan við þjónustuveg og um 375m vestan við vörðu 3011-002. Það eru fleiri vörður á milli þessara tveggja en þær eru utan áhrifasvæðis framkvæmdanna.



Mynd 7. Horft að vörðu 3011-003

Minjalýsing: Varða úr hraungrýti, töluvert er hrunið úr henni. Varðan er nú um 0.4m há og hún er ferhyrnd. Varðan varðar Prestastíg. Varðan er í mikilli hættu vegna fyrirhugaðra framkvæmda á svæðinu.

Númer: 3011-004

Hlutverk: Kennimark

Tegund: Varða

Hnit ISN93: A: 323276.11 , N: 377380.65

Ástand: Heilleg

Hættumat: Hætta vegna framkvæmda

Staðhættir: Um 12m sunnan við þjónustuveg og um 320m vestan við vörðu 3011-003.



Mynd 8. Horft að vörðu 3011-004

Minjalýsing: Varða úr hraungrýti sem varðar Prestastíg. Varðan er hringlótt og þokkalega jöfn upp, farið er að hrynja úr vestur hlið vörðunar og hún er nú um 1.5m há.

Númer: 3011-005

Hlutverk: Kennimark

Tegund: Varða

Hnit ISN93: A: 322980.10 , N: 377564.09

Ástand: Heilleg

Hættumat: Hætta vegna framkvæmda

Staðhættir: Um 6m sunnan við þjónustuveg og um 350m NV við vörðu 3011-004.



Mynd 9. Horft að vörðu 3011-005

Minjalýsing: Varða úr hraungrýti sem er um 1.5m há. Varðan er hringlótt og varðar Prestastíg.

7. NIÐURSTÖÐUR

Fyrirhuguð lagnaleið liggur yfir þrjár fornar leiðir sem liggja um Reykjanesið: Skipastíg, Prestastíg og Árnastíg. Þessar leiðir höfðu áður verið skráðar af Minjastofnun Íslands, þá Fornleifavernd ríkisins, og hefur þeim nú þegar verið raskað vegna veglagningar og annarra lagna sem liggja á svæðinu. Fimm vörður eru innan áhrifasvæðis framkvæmdanna og varða þær allar Prestastíg. Lagt er til að merkja vörðurnar á meðan á framkvæmdum stendur til þess að forðast þess að þær verði fyrir raski. Leiðunum hefur þegar verið raskað á framkvæmdarsvæðinu og er því ekki lagðar fram mótvægisáðgerðir á þeim. Athygli er vakin á því að þessar áðgerðir eru einungis tillögur og hefur Minjastofnun Íslands lokaorðið þegar kemur að mótvægisáðgerðunum.

Númer	Hlutverk	Tegund	Tillaga af mótvægisáðgerð
1780-2261	Skipastígur	Gata	Leiðinni hefur þegar verið raskað á framkvæmdarsvæðinu
1780-2260	Prestastígur	Gata	Leiðinni hefur þegar verið raskað á framkvæmdarsvæðinu
1780-2259	Árnastígur	Gata	Leiðinni hefur þegar verið raskað á framkvæmdarsvæðinu
3011-001	Kennimark	Varða	Merkja vörðuna á meðan framkvæmdum stendur
3011-002	Kennimark	Varða	Merkja vörðuna á meðan framkvæmdum stendur
3011-003	Kennimark	Varða	Merkja vörðuna á meðan framkvæmdum stendur
3011-004	Kennimark	Varða	Merkja vörðuna á meðan framkvæmdum stendur
3011-005	Kennimark	Varða	Merkja vörðuna á meðan framkvæmdum stendur

Tafla 1. Skráðar minjar og tillögur af mótvægisáðgerðum

8. KORT



0 1 2 3 km

Kort af skráningarsvæðinu
Mælikvarði 1:60000 Dags. 5.6.2023 Kort 1
Náttúrustofa Vestfirðja Atli Rúnarsson



Skýringar

■ Mælingar - Minjastofnun

0 50 100 150 m

Þar sem vegurinn hefur raskað Skipastíg
Mælikvarði 1:2500 Dags. 5.6.2023 Kort 2
Náttúrustofa Vestfjarða Atli Rúnarsson



Skýringar

■ Mælingar - Minjastofnun

0 50 100 m

Þar sem vegurinn hefur raskað Árnastíg
Mælikvarði 1:3000 Dags. 5.6.2023 Kort 3
Náttúrustofa Vestfjarða Atli Rúnarsson



Skýringar

- Staðsetning fornminja
- Mælingar - flákar
- Mælingar - Minjastofnun



Þar sem vegurinn hefur raskað Prestastíg
Mælikvarði 1:8000 Dags. 5.6.2023 Kort 4
Náttúrustofa Vestfjarða Atli Rúnarsson